

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Borgartún 18 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 & 561 0775 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1537
komudagur 26.3.2002

Reykjavík 26. mars 2002.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 562. mál.

Frumvarpið er lagt fram í kjölfar þess að nefnd sú sem skipuð var 28. september 1999 til að endurskoða löggin um stjórn fiskveiðanna skilaði af sér. Í skipunarbréfi nefndarinnar koma fram þau markmið er vinna skyldi að með endurskoðuninni. Þar segir m.a.:

„Nefndinni ber að taka tillit til hagsmuna sjávarútvegsins, byggðanna og almennings í landinu í starfi sínu.

Markmið breytinganna er að ná fram sem víðtækastri sátt landsmanna um fiskveiðistjórnunarkerfið. Þess skal þó gætt að förna ekki markmiðum um skynsamlega nýtingu og bættu umgengni um auðlindir sjávar né heldur raska hagkvæmni og stöðugleika í greininni.“

Að áliti Sjómannasambands Íslands er hvorki að finna í skýrslu nefndarinnar né í fyrirliggjandi frumvarpi ráðherra, um breytingu á lögnum um stjórn fiskveiðanna, þau markmið sem vinna átti að með endurskoðuninni.

Megin efni frumvarpsins, sbr. 10. gr. þess, er að útfæra veiðigjald á sjávarútveginn sem koma á til framkvæmda þann 1. september árið 2004. Sjómannasamband Íslands hafnar alfaraðið auðlindagjaldi á sjávarútveginn og fær ekki séð með hvaða hætti upptaka veiðigjalds eykur sátt um kerfið eða bætir umgengni um auðlindina. Auk þess hefur veiðileyfagjaldið ekkert með stjórn veiðanna að gera og á því ekki heima í lögum um stjórn fiskveiða.

Í 6. grein frumvarpsins er lagt til að hækkað verði það hlutfall sem samanlagðar aflahlutdeildir fiskiskipa mega vera, sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila. Þetta ákvæði virðist engan tilgang hafa enda er fyrirséð að því verði breytt eftir þörfum jafnhliða því sem stórútgerðirnar stækka. Sjómannasamband Íslands telur enga þörf á að rýmka reglurnar sem nú gilda um þetta og hafnar því frumvarpinu hvað þetta varðar.


Það alvarlegasta varðandi frumvarpið er að ekkert er tekið á þeim vandamálum er lúta að stjórn fiskveiðanna sjálfra. Ísland er eina landið í Evrópu sem ekki getur takmarkað stærð flotans og vegna frelsis útgerðarmanna til að framselja aflamark milli skipa hefur skipum fjölgað verulega á undanförunum árum án þess að nokkuð sé að gert. Vísindamenn Hafrannsóknastofnunarinnar hafa margsinnis bent á að skark á miðunum væri of mikið vegna of stórs fiskiskipaflota. Það þarf því ekki að koma á

óvart að hægt gangi að byggja upp okkar mikilvægustu fiskistofna. Brottkast hefur á undanförnum misserum verið fyrirferðamikið í umræðunni. Fiskistofa hefur lýst því yfir að brottkastið sé mest á kvótalausum skipunum. Þrátt fyrir framangreindar upplýsingar er engin viðleitni í frumvarpinu til að taka á þeim vandamálum er snúa beint að stjórnun fiskveiða og bættri umgengni um auðlindina.

Í frumvarpinu er sem sagt ekki gerð hin minnsta tilraun til að taka á þeim raunverulegu vandamálum sem snúa að stjórn veiðanna og brýnt er að taka á. Bent skal á í því sambandi að samtök sjómanna og útvegsmanna kynntu sjávarútvegsráðherra sameiginlegar tillögur sínar um með hvaða hætti væri hægt að fækka skipum í flotanum og draga úr brottkasti. Tillögurnar fólust í því að takmarka heimild útgerðarmanna til að framselja aflamark frá skipi og að takmarka hvað flytja mætti mikið aflamark til einstakra skipa. Í frumvarpinu er ekkert tillit tekið til tillagna þessara aðila. Tillögurnar voru máламиðlun milli þessara aðila, en Sjómannasamband Íslands telur að alfarið eigi að banna framsal aflamarks.

Sjómannasamband Íslands hafnar frumvarpinu í heild sinni og mótmælir sérstaklega 10. grein þess um veiðigjald. Verði frumvarpið að lögum er það ávísun á enn meiri illdeilur um stjórnkerfi veiðanna en verið hafa. Það er full ljóst að ekkert í frumvarpinu er til þess fallið að auka sátt sjómanna við fiskveiðistjórnunarkerfið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,


Hólmgeir Jónsson